

# KORNID

Fréttabréf Akurskóla • 6. árgangur • 4. tölublað • desember 2010



*Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús*



## Barnalán í Akurskóla

Það er óhætt að segja að það ríki barnalán í Akurskóla en kennarar skólans hafa verið einstaklega duglegir að fjölga mannkyninu. Á þessu og síðasta ári hafa níu kennarar skólans eignast afkvæmi og nokkur börn munu bætast í hópinn á næsta ári.



## Litlu jólin og jólafrí

Litlu jólin verða haldin föstudaginn 17. desember og er mæting eftirfarandi:

- **1.-3. bekkir**  
eru frá kl. 8.10-11.00
- **4.-7. bekkir**  
eru frá kl. 11.00-13.00
- **8.-10. bekkir**  
eru frá kl. 11.00-13.00

Frístundaskólinn er opinn til kl.16. Jólafrí hefst að loknum litlu jólum. Kennsla hefst afur samkvæmt stundarskrá þriðjudaginn 4. janúar 2011.

*Starfsfólk Akurskóla óskar nemendum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*





Dagur íslenskrar tungu:

## SIGRÚN ELDJÁRN HEIMSÓTTI AKURSKÓLA

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Akurskóla 16. nóvember sl. Fjölbreytt dagskrá var viðhöfð á öllum aldurstigum og var dagurinn skemmtilegur og fræðandi fyrir alla.

Fyrsti bekkur hefur í nokkur ár verið í samstarfsverkefni með elstu börnum leikskólanna í Innri - Njarðvík sem ber yfirskriftina „Brúum bilið.“ Í tilefni af Degi íslenskrar tungu kom rithöfundurinn Sigrún Eldjárn í heimsókn til þessara hópa og gerði það mikla lukku. Sigrún las nokkrar sögur fyrir börnin ásamt ljóðum úr nýútkominni bók sinni og Þórarins Eldjárn sem heitir Árstíðirnar. Krakkarnir hlustuðu af mikilli athygli og fengu á sama tíma að sjá teikningar Sigrúnar af helstu söguhetjum bóka hennar.

Bækur Sigrúnar Eldjárn eru mikið notaðar við kennslu í 1. bekk. Þær eru óþrjótandi uppspretta verkefna og leikja um íslenskt mál sem börnin kunna að meta. Sögurnar eru lesnar og ræddar og unnið er markvisst með orðaforða og lesskilning. Börnin læra



þannig ný orðatiltæki og einnig að finna lykilorð sem innihalda þá stafi sem verið er að kenna hverju sinni. Í framhaldi af því fara þau að skrifa stafinn, móta hann í leir og fönðra með hann á fjölbreyttan hátt.

Þetta er annað árið í röð sem 1. bekkur og skólahópar Holts og Akurs fá rithöfund

í heimsókn og vonandi er sú hefð komin til að vera. Þess má geta að það hefði þó ekki verið mögulegt nema fyrir tilstilli foreldrafélaga skólanna sem fjármögnuðu heimsóknina og fá bestu þakkir fyrir það.

Í 2. og 3. bekk kynntu nemendur sér ævi og verk Jónasar Hallgrímssonar og sungu einnig íslensk lög saman.

Nemendur í 4. – 7. bekk voru með sameiginlega dagskrá á sal. Þar var Stóra upplestarkeppnin sett formlega með því að sigurvegarar úr keppninni í fyrra, þeir Teitur Ari Theodórsson og Ólafur Andri Magnússon, lásu tvö ljóð fyrir áheyrendur. Þá lásu nemendur eigin

frumsamin ljóð og síðan var rithöfundurinn Stefán

Jónsson kynntur. Að lokum var fluttur söngleikurinn Gatan mín sem byggir á kvæðum Stefáns Jónssonar.

Í unglingadeild var unnið með gamla og nýja tímum. Nemendur horfðu á leiknar þjóðsögur og völdu sér síðan eina sögu til þess að setja í nútímabúning. Einnig var unnið með slangur í íslensku máli. Fundin voru algeng slanguryrði í tali unglunga og merking þeirra skoðuð og rædd. Verkefnin voru yfirgripsmikil og reyndu á sköpunarmátt og hugmyndaauðgi nemenda.





## Hnísur unnu Gullskóinn

Fótboltamót var haldið hjá 4. og 5. bekk í nóvember. Krakkarnir áttu sjálfir frumkvæði að því að halda mótíð og fengu Lovísu, umsjónarmann félagsmála, í lið með sér. Hnísur sigruðu mótíð og fengu Gullskóinn í verðlaun.

## Ekki bara kubbar...

Í kubbasmíðju er byggt með einingakubbum og stundum kaplakubbum. Einingakubbar eru gerðir úr gegnheilum hlyni sem er hægsprottinn viður og hefur þann eiginleika að það flísast ekki úr honum og er endingargóður. Kubbarnir eru frekar þungir sem gerir það að verkum að byggingarnar úr þeim eru stöðugar og því hægt að byggja nokkuð hátt. Það sem gerir einingakubbana sérstæða er hugmyndafræðin á bak við þá. Þeir eru í ákveðnum stærðfræðilegum hlutföllum og miðast allt kubbasafnið út frá grunnkubbum. Hönnun hans er í raun mjög sérstök, þar sem öll hin kubbaformin ganga á einhvern hátt upp í hann. Grunnkubburinn er 14 cm langur eða tvisvar sinnum lengri en breidd hans og breidd hans er tvisvar sinnum lengri en þykkt hans. Í safninu eru einnig hyrndir kubbar, ýmist sem hlutfall af grunnkubbum sem margfeldi og prírhyrningar og eru annað hvort helmingur grunnkubbsins eða fjórðungur. Aðrir kubbar eru ávalir, bogadregnir eða beygjur og allir falla þeir á einhvern hátt að hlutföllum grunnkubbsins hvað varðar þykkt, breidd og/eða hæð. Þannig að það er

engum blöðum um það að fletta að einingakubbar nýtast sem kennslutæki í stærðfræði.

Einingakubbar hafa áhrif á flesta ef ekki alla þroskapætti barnsins. Þegar byggt er úr þeim á sér stað heilmikið nám t.d. í lífsleikni. Nemendur þurfa að taka tillit til hvers annars, hlusta á hugmyndir annarra, sýna sjálfstæði, frumkvæði, skapa, prófa o.fl. Stundum er vinnan í kubbasmíðju tengd við byrjendalæsi en þá eiga nemendur t.d. að byggja kastalann/drekann í sögunni sem lesin var. Ákveðin málörvun á sér stað þegar unnið er með heiti kubba sem eru sívalningur, fleygur, stólpi o.flv.

Börn ganga í gegnum stigskipta þróun í kubbaleik óháð aldri þannig

að með því að fylgjast með börnum í kubbaleik er stundum hægt að greina hvar þau eru stödd í þróuninni sem aftur getur gefið vísbendingar um á hvaða þroskastig þau eru komin. Margir nemendur blómstra í kubbasmíðju sem eru kannski ekki að njóta sín eins í bóklegu greinunum.

Oft er talað um að nemendum sé vorkun vegna þess hversu mikið þeir þurfi að sitja við námið. Í kubbasmíðju á sér hins vegar stað mikil hreyfing, nemendur setjast yfirleitt ekki niður því það er svo mikið að gera og um leið er verið að þjálfa fínhyfingar og samhæfingu augna og handa. Það er hægt að tengja kubba við flestar námsgreinar og eru þeir góð viðbót við þau kennslugögn sem til eru.





# LJÓÐAAKUR 2010

Ljóðakeppnin, Ljóðaaður 2010, var haldin í fyrsta sinn í haust. Þátttaka var mjög góð hjá nemendum skólans og bárust 102 ljóð í keppnina. Tvenn verðlaun voru veitt í hverjum aldurshópi.

## 2. – 3. bekkur:



### Gæludýrin mín

Ég á einn ketting.  
Ég sett hana oní vettling.  
Ég á eina mús.  
Ég setti hana oní krús.  
Ég átti einn fisk.  
Ég borðaði hann með bestu lyst.  
Ég átti einn hana.  
Hvað varð honum að bana?

*Matthias Arnarsson*

### Ljóð

Grasið er grænt  
sólin skín.  
Mamma er væn  
að því hún er mín.  
Hafið er blátt  
vindurinn blæs inn.  
Pabbi syngur hátt  
því hann er minn.

*Kristbjörg Perla Guðmundsdóttir*




## 4. – 5. bekkur:

### Sumarsól

Ég vakna.  
Ég finn hlýju.  
Fuglarnir kvaka.  
Mér líður svo vel.  
Ég syng um sumarið.  
Lífið er yndislegt.  
Ég róla mér fram og til baka.  
Svo sekk ég ofan í grasið og sofna.

*Gunnhildur Björg Baldursdóttir*



### Guð

Hver er Guð?  
Hver skapaði Guð?  
Erum við öll Guðsbörn?  
Við fæðumst og við deyjum  
sumir deyja ungir og sumir deyja gamlir.  
Við endum öll hjá Guði og þá fáum við  
að vita sannleikann.

*Ísak John Hill Ævarsson*



## 8. – 10. bekkur:

### Hann

Hann heitir Arnljótur.  
Því miður er hann ljótur  
hann Arnljótur.  
Samt eldfljótur,  
stundum þrjótur.  
Hann er mjög orðljóður  
hann Arnljótur.

*Sóley Þrastardóttir*



### Myrkrið

Myrkrið heltekur  
allt sem er í vegi  
og fangelsar þig.  
Sólin kemur um  
morguninn myrkrið fer  
hörfar í burtu.

*Teitur Ari Theodórsson*





## 6. – 7. bekkur:

### Fuglarnir

Fuglarnir fljúga um himininn háa.  
Stundum sé ég fugla svo smáa.  
Ég horfi á þá svo fagra og bjarta  
að mér hlýnar í mínu hjarta.

*Embla Sól Björgvinsdóttir  
og Þórdís Anja Ragnarsdóttir*



### Náttúruöflin fimm

Ég skal segja þér ljóð, ég skal segja þér eitt.  
Ég skal lofa þér því að þetta er satt.  
Um vatnið, um loftið,  
um eldinn og jörð.  
Þar sem þau koma saman  
þar sem náttúran er.  
Eldur er líf, eldur er ljós.  
Ef þú kemur nær þá brennur þú skjótt.  
Vatnið er breyting, vatnið er blessun.  
Vonar að komast á leiðarenda.  
Jörðin er styrkur, jörðin er traust.  
Jörðin mun elta þig þar til enda.  
Loftið er friður, loftið er ást.  
Loftið hleypur frjálst um land.  
Ég segi þér það, þetta veit ég.  
Ég segi þér eitt um náttúruöflin.  
En eitt er eftir.  
Eitt er falið.  
Náttúruaflið tími einhvers staðar falið.

*Gréta Kristín Sveinbjörnsdóttir*



## Mikil þátttaka í jólamyndasýningu Akurskóla 2010:

# JÓLIN OG ÉG

Dagana frá 29. nóvember til 6. desember tóku nemendur þátt í undirbúningi jólamyndasýningar Akurskóla undir heitinu JÓLIN OG ÉG. Dómnefnd skipuð þeim Karólínu Einarsdóttur, Dröfn Rafnsdóttur og Magnúsi Vali Pálssyni myndmentakennara, mun fara yfir myndir nemendanna, en hátt á fjórða hundrað mynda voru sendar inn. Þær verða til sýnis á göngum skólans 10.–17. desember.

Dómnefndin mun veita viðurkenningar miðvikudaginn 16. desember fyrir:

- Frumlegustu hugmyndina
- Bestu útfærsluna







## LEGOKEPPNIN 2010

Laugardaginn 13. nóvember kepptu nemendur í 7. – 9. bekk í Akurskóla í First Lego League. Í ár var unnið með viðfangsefnið „líkaminn lífi“ þar sem lífverkfræði var fyrir valinu.

Legokeppnin eða First Lego League (FLL) er haldin á hverju ári. Þar er fengist við verkefni úr raunheimi nútímans og fá liðin ný verkefni á hverju ári sem þeir vinna að undir styrkri stjórn liðstjóra. Við undirbúning keppinnar þurfa krakkarnir að hanna vélmenni sem þau forrita svo það geti leyst ákveðna þrautabraut. Við undirbúninginn þurfa krakkarnir einnig að vinna að rannsóknarverkefni. Í ár tók lið

Akurskóla, „The Chromosomes“ eða litningarnir fyrir taugkerfi líkamans. Liðið kynnti sér gaumgæfilega hvaða lausnir er hægt að finna fyrir einstaklinga sem fæðast með vatnshöfuð. Nemendur þurfa að skrá dagbók á meðan á undirbúningi stendur og kynna hana á keppnisdegi. Rúsínan í pylsuendanum er síðan skemmtiatriði en í ár sýndu krakkarnir dans.

Markmið keppinnar er að hvetja börn til að tileinka sér nálgun vísindamanna og verkfræðinga á viðfangsefninu, að þau læri að gera tilraunir og láti hindranir ekki aftra sér samfara því að byggja

upp sjálfvirðingu og sjálftraust þátttakenda.

Krakkarnir voru mjög duglegir en síðustu tvær vikurnar var unnið fram eftir kvöldi við undirbúning. Við undirbúninginn lærðu þau m.a. ensku við að þýða texta, að forrita, um vatnshöfuð, um heilann og taugakerfið og einnig styrktu þau vinabönd sín á milli sem er ekki síður mikilvægt.

Lið Akurskóla lenti í fjórða sæti í fyrstu umferð vélmennaprautarinnar og komst í átta liða úrslit. Krakkarnir stóðu sig einstaklega vel, héldu sjálf utan um dagskrána, fluttu fyrirlestra, kynningar og skemmtiatriði.



## Brenni- boltamót unglinga- deildar

Í byrjun desember var haldið brenniboltamót þar sem allir bekkir í unglingsdeild öttu kappi. Liðunum var úthlutaður hver sinn keppnislitur og voru Spóar bleikir, Ernir svartir, Prestir voru rauðir og Tjaldar bláir. Allir kepptu við alla og var mikið fjör bæði inni á vellinum sem og á áhorfendapöllum. Nemendur



# SKÓLA- HREYSTI 2011

Í upphafi næsta árs keppir Akurskóli í Skólahreysti grunnskólanna. Haldin hefur verið undankeppni Akurskóla þar sem nemendur í 9 og 10. bekk tóku þátt. Þó nokkuð margir nemendur mættu til leiks og spreyttu sig í hraðabraut ásamt því að keppa í því hver gæti hangið lengst og gert flestar armbeygjur, upphífinger og dýfur. Valdir hafa verið átta nemendur, fjórir drengir og fjórar stúlkur sem verða aðal- og varafulltrúar Akurskóla í Skólahreysti. Þau heita Adam Þórðarsson, Sigfús Kristján Pálsson, Ólafur Rúnar Gunnlaugsson, Eiður Geir Vilhelmsson, Aníta Sif Sigfúsdóttir, Magnea Guðný Stefánsdóttir, Sóley Þrastardóttir og Tinna Björt Guðbjörnsdóttir.



höfðu æft innkomur á völinn og svo voru þau einnig með heróp fyrir hvern leik. Úrslit voru þau að Ernir unnu mótið nokkuð örugglega en þau unnu alla sína leiki. Einnig voru veitt nokkur aukaverðlaun, t.d. þóttu Spóar best klædda liðið, Ólafur í Örnun var með flottustu tilþrífing, Ernir voru með besta herópið og besti leikmaður mótsins var valinn Sigmundur í Örnun.

  
**Akurskóli**  
*Alltaf líf og fjör  
í Akurskóla*

## Leiklist í Akurskóla

Finnst þér gaman að dansa, syngja, leika og vera með skemmtilegu fólki? Þá er þetta eitthvað sem þú kæri nemandi á unglingastigi ættir að skrá þig í. Gunnella Hólmarsdóttir leiklistanemi á lokaári ætlar að koma til okkar í byrjun desember og bjóða upp á leiklist í skólanum. Fyrirhugað er að setja upp sýningu með nemendum í lok janúar. Þeir nemendur sem áhuga hafa á að taka þátt geta skráð sig hjá Lovísu námsráðgjafa Akurskóla. Allir nemendur sem hafa áhuga á leiklist eru hvattir til þess að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.



**Gunnella Hólmarsdóttir**



## FÉLAGSLÍF Í AKURSKÓLA

Félagslíf skólans hófst í október með opunarballi fyrir 8.-10. bekk. Breytingar hafa átt sér stað með nemendaráð skólans en það er nú í boði sem valáfangi. Alls eru 18 nemendur skráðir í nemendaráðið og er mikill áhugi hjá þeim fyrir því að skapa uppbyggilegt og skemmtilegt félagslíf fyrir alla nemendur skólans. Forvarnarverkefnið „Flott án fíknar“ verður í gangi í vetur þar sem ýmsir viðburðir verða í hverjum mánuði. Í lok skólaárs verður síðan farið í ferð með þeim nemendum sem skráðir eru í verkefnið en þeir eru 80 í 8.-10. bekk. Sameiginleg diskótek nemenda í 5.- 7. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar fóru einnig af stað í október og var fyrsta ballið haldið í Heiðarskóla. Fótboldamót Akurskóla í 4. – 5. bekk var haldið í nóvember en sigurvegarar mótsins voru Hnísur og fengu þau „gullskóinn“ í verðlaun. Mikill áhugi er hjá

nemendum á unglíngastiginu fyrir því að opna athvarf í Akurskóla sem yrði opið eftir að skóladegi líkur. Nemendaráð skólans átti fund með Stefáni Bjarkasyni framkvæmdastjóra Íþrótt- og tómsundasviðs Reykjanesbæjar þar sem þessi mál voru rædd. Stefán tók vel í hugmyndina og ákveðið var að skoða hliðarherbergi sem er inn að íþróttahúsinu fyrir athvarfið. Áætlað er að fara í þessa framkvæmd eftir jól. Hægt er að nálgast vetraráætlun félagsstarfs Akurskóla á heimasíðu skólans.



**KORNID**  
Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir  
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson  
[www.akurskoli.is](http://www.akurskoli.is)

Sendið okkur efnishugmyndir eða myndir á: [gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is](mailto:gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is)



Ég heiti **Sigurbjörg Gunnarsdóttir** og er eins og stendur í fæðingarorlofi með litla drengnum mínum honum Jóni Gunnari. Starfa vanalega sem sundkennari og hef einnig verið að kenna aðrar greinar. Ég bý í Innri-Njarðvík og tel mig rosalega heppna að starfa í Akurskóla, æðislegir nemendur og skemmtilegt samstarfsfólk. Það er mikill kostur að vinna stutt frá heimilinu sínu og geta gengið eða hjólað í vinnuna.

Ég var á leikskólanum Holti fyrstu árin og hóf svo skólagönguna í Njarðvíkurskóla. Ég æfði sund frá 5 ára aldri og landaði nokkrum Íslandsmeistaratitlum og komst í landsliðið en þurfti að hætta vegna meiðsla 19 ára gömul. Ég er mikil íþróttafrik og hef æft margar íþróttagreinar t.d. körfubolta, fimleika, dans, íshokki, sundknattleik, fótþolta og Tae Kwondo auk þess að hafa æft sund. Áður en ég lærði að vera íþróttakennari fór ég í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem ég útskrifaðist af náttúrufræðibraut. Ég er gift honum Björgvin mínum og á nú 6 vikna gamlan son og hundinn Birnu. Lífið er svo yndislegt enda ekkert betra en að vera orðin mamma. Sakna reyndar krakkanna minna úr Akurskóla alveg svakalega mikið, en tíminn er víst fljótur að líða þegar gaman er. Lífsmottóið mitt er: Hver er sinnar gefu smiður.